

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir

Bolungavíkurverzlunarstað.

Samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, hefir ráðuneytið gefið út eftirfarandi hafnarreglugerð fyrir Bolungavíkurverzlunarstað:

1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru bein lína dregin úr Ófærukletti í Hólatá, og að öðru leyti strandlengjan innan þeirrar línu.

2. gr.

Sveitarstjórn Hólshrepps hefir á hendi stjórn hafnarinnar og reikningshald og stýrir öllum framkvæmdum í sambandi við hana. Hún ræður einn mann, sem er hafnarvörður, til þess að hafa á hendi eftirlit með höfninni og eignum hennar. Hreppsnefndin getur auk þess falið honum önnur störf hafnarinnar, eftir því, sem heppilegt þykir. Reikningar hafnarinnar fylgja sveitarreikningnum og endurskoðast ásamt honum.

3. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé góðrar reglu um afnot hafnarinnar og brimbrjótsins. Getur hann bannað að skip liggi svo nærri brimbrjótnum, eða að festum þeirra sé að öðru leyti svo fyrir komið, að farartálma valdi fyrir þau skip, sem fara að brimbrjótnum eða frá. Eru eigendur og umráðamenn skipa skyldir að hlýða fyrirskipunum hans. Verði misbrestur á því, getur hafnarvörður framkvæmt breytinguna á kostnað og ábyrgð eiganda og má taka kostnaðinn lögtaki.

4. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast að brimbrjótnum í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fastri áætlun, og önnur flutningaskip, ganga fyrir öðrum skipum. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, að dómi hafnarvarðar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Ef ágreiningur ris, ræður hafnarvörður í hverri röð skip koma að brimbrjótnum.

5. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við brimbrjótinn, sé lagt hverju við annars hlið, er heimilt að flytja farm þess, er utar liggur, yfir

þilfar hins. Sama gildir um farangur, farþega og skipshöfn þess skipsins, sem utar liggur.

10
10. febr.

Bannað er að láta kjölfestu, eða annað, falla niður milli skips og bryggju eða láta slíkt úthyrðis innanvert við brimbrjótinn eða nálægt landi, þar sem grynningu geti valdið. Hafnarvörður segir til hvar kasta megi kjölfestu eða öðru, innan takmarkalínu hafnarinnar.

6. gr.

Vörur, sem flytja á burt, má ekki flytja fram á brimbrjótinn, né í brimbrjótsgötuna, fyr en um leið og henni er skipað út. Á sama hátt ber að flytja jafnóðum burtu vörur, sem skipað er upp við brimbrjótinn. Undanþágu frá þessu getur þó hafnarvörður veitt í hverju einstöku tilfelli, en aldrei má það hindra umferð annara eða afnot af brimbrjótnum.

7. gr.

Pegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri láta ræsta brimbrjótinn. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiðir allan kostnað, sem af því leiðir, og má taka kostnaðinn lögtaki.

8. gr.

Hvert skip, sem legst við brimbrjótinn, skal í hvert skipti greiða bryggjulgjald, sem hér segir:

Allt að 6 smálestir brúttó	2 kr., þó ekki yfir	10 kr. á ári.
6—12 — —	3 — — —	15 — - —
12—30 — —	4 — — —	20 — - —
30—60 — —	5 — — —	35 — - —
60—150 — —	7 — — —	50 — - —
Stærri skip	10 — — —	100 — - —

Gjaldið greiðist fyrir hvern dag eða brot úr degi, sem skipið liggur við brimbrjótinn. Bátar undir 12 smálestir, sem heima eiga í Bolungarvík, greiða hálf gjald. Heimabátar greiða gjaldið 1. júlí, en önnur skip áður en þau fara úr höfn.

9. gr.

Af öllum vörum og munum, sem flutt er í land og úr landi innan takmarkalínu hafnarinnar, skal í hvert skipti greiða vörugjald, sem hér segir:

I. Innlandar vörur, útfluttar eða innfluttar:

1. Blautur fiskur (miðað við fiskinn hauseðan og slægðan, en óflattan)	10 aurar hver	100 kg.
2. Saltaður fiskur óþurkaður	15 — —	100 —
3. Saltaður fiskur þurkaður	20 — —	100 —
4. Sild og smokkfiskur allskonar	15 — —	100 —
5. Skelfiskur allskonar	10 —	hvert mál

10 10. febr.	6. Hrogn	10	aurar	hver	100	kg.	
	7. Lýsi	50	—	—	100	—	
	8. Skreið allskonar (ekki riklingur)	4	—	—	10	—	
	9. Hertur riklingur og sundmagi	20	—	—	10	—	
	10. Gærur	10	—	hvert	búnt		
	11. Ull	20	—	hver	10	kg.	
	12. Kjöt og sláturvörur	10	—	—	10	—	
	II. Erlendar vörur innfluttar eða útfluttar:						
	13. Salt og kol	6	aurar	hver	100	kg.	
	14. Sement	10	—	—	100	—	
	15. Ólíur og benzin	20	—	hvert	fat		
	16. Tómar tunnur og föt	5	—	—	stykki		
17. Trjáviður	2	—	—	ten.fet			
III. Allar aðrar innfluttar eða útfluttar vörur:							
18. Allt að 10 kg. þunga brúttó	10	aurar	hvert	stykki			
19. 10 til 100 kg. þunga brúttó	15	—	—	—			
20. Yfir 100 kg. þunga brúttó	30	—	hver	100	kg.		

Allar vörur reiknast eftir þunga með umbúðum og telst hálf gjaldeining sem heil, en minni brotum sé sleppt.

Afnot af lyftuvindunni á brimbrjótnum eru innifalin í vörugjaldinu, ef rafmagnsmótorinn er ekki notaður. Fyrir afnot hans greiðist sérstakt gjald eftir ákvörðun hafnarvarðar.

10. gr.

Vörugjald af innfluttum fiski, samkvæmt 9. gr. I. 1—2 og 4—5 tekst af óskiptum afla, og greiðist um leið og honum er skipt eða hann er seldur, og ber útgerðarmaður, formaður og kaupandi aflans, hver um sig, ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

Vörugjald af flutningi skipa, sem hafa allan farm sinn skráðan, greiðist af afgreiðslumanni skipsins strax og uppskipun eða útskipun er lokið.

Annað vörugjald af innflutningi greiðist af móttakanda, og af útflutningi, af sendanda vörunnar strax og uppskipun eða útskipun er lokið. Skyld er þó formanni skips, sem ekki hefir allan farm sinn skráðan að gefa strax skýrslu um flutninginn og standa innheimtumanni skil á gjaldinu, ef hann óskar þess. Ef formaðurinn gefur ekki upp allan farminn á slíkri skýrslu, skal hann greiða tvöfalt gjald af hinu rétta vörumagni og sekt eftir ákvæðinu um brot á reglugerð þessari. Sama gildir um hvern annan, sem neitar að gefa skýrslu, eða gefur rangar eða villandi upplýsingar um þau atriði, sem máli skipta við ákvörðun gjalda samkvæmt reglugerðinni.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10 til 400 krónum, nema þyngri refsing liggir við, samkvæmt almennum lögum. Sektir renna í hafnar-sjóð Bolungavíkur. Öll gjöld og sektir samkvæmt reglugerð þessari hafa lög-taksrétt.

12. gr.

10

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð nr. 41, 29. apríl 1920, um notkun öldubrjótsins í Bolungavík, samþykkt um lendingarsjóð í Norður-Ísafjarðarsýslu 30. nóv. 1907 og samþykkt 16. júlí 1920 um breytingu á téðri samþykkt, að því leyti, sem samþykktir þessar ná til Bolungavíkur. Hafnarsjóður Bolungavíkur yfirtekur eignir og skuldir Lendingarsjóðs Hólshrepps þegar reglugerð þessi öðlast gildi.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. febrúar 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Bjarna Guðmundssonar, Kristjáns Finnssonar og Péturs Andrésssonar, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 15. febrúar 1930. Skipulagsskráin er þannig: 11 15. febr.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

„Minningarsjóð Bjarna Guðmundssonar, Kristjáns Finnssonar og Péturs Andrésssonar“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Bjarna Guðmundssonar, Kristjáns Finnssonar og Péturs Andrésssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af kvenfélaginu „Fjöla“ á Vatnsleysuströnd, myndaður af gjöf frá félaginu að upphæð kr. 300.00 — þrjú hundruð krónur — og gjöfum frá öðrum kr. 1576.17 — fimmtán hundruð sjötíu og sex krónur og 17 aurar. — Samtals kr. 1876.17 — átján hundruð sjötíu og sex krónur og 17 aurar.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í sparisjóðsdeild Landsbankans eða á öðrum tryggum stað og áskotnist sjóðnum síðar fé með gjöfum, áhreitum eða á annan hátt, legst